

Borgarráð

Stýrihópur um framtíðarstefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að erindisbréfi stýrihóps um framtíðarstefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík.

Greinargerð

Á fundi borgarstjórnar 15. janúar 2019 var samþykkt að sett verði af stað vinna í samvinnu ÍTR og ÍBR varðandi framtíðarstefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík. Í samþykktinni fellst m.a. að skipa skuli stýrihóp til að hafa yfirumsjón með vinnunni.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um framtíðarstefnumótun í íþróttamálum í Reykjavík, drög.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur vegna mótunar íþróttastefnu í íþróttum í Reykjavík til 2030

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar 15. janúar 2019 var samþykkt að sett verði af stað vinna í samvinnu ÍTR og ÍBR varðandi framtíðarstefnumörkun í íþróttamálum í Reykjavík. Gildistími stefnunnar verði til 2030. ÍTR verði falið að stýra þessari vinnu í samvinnu og samráði við ÍBR. Hún skal hefjast í upphafi ársins 2019 og verði lokið fyrir 1. febrúar 2020. Skipaður verði stýrihópur og gerð skuli sérstök verkefnaáætlun vegna vinnunnar. Heimilt verði að ráða ráðgjafa til að starfa við einstaka þætti verkefnisins.

Markmið/Hlutverk:

- Varpa ljósi á mikilvægustu þætti sem geta haft áhrif á íþróttastarf, þátttöku í íþróttaiðkun og aðra valkosti í tómstundum í Reykjavík í náinni framtíð.
- Leggja mat á rekstrarumhverfi og rekstur íþróttahreyfingarinnar, aðstöðumál og sett fram stefna og framtíðarsýn.
- Virkja hagsmunaaðila (Reykjavíkurborg, félög, iðkendur og forráðamenn) í Reykjavík til þátttöku í umræðum um framtíðina, auka skilning á valkostum og efla samstöku um aðgerðir.
- Móta stefnu fyrir íþróttir í Reykjavík til ársins 2030 sem verði leiðarljós borgaryfirvalda og hagsmunaaðila á komandi árum um markmið og aðgerðir í íþróttamálum.

Verkefni:

Í upphafi vinnunnar verði framkvæmt stöðumat sem meðal annars feli í sér eftirfarandi atriði:

- Stöðumat á framfylgd gildandi íþróttastefnu og stefnu um sundlaugar.
- Yfirlit um þátttöku í æfingum og starfsemi íþróttafélaga, brotið niður eftir hverfum, aðsókn í sund og aðra heilsurækt og framboð af íþróttum og hreyfingu í borginni. Jafnframt verði veitt heildaryfirlit um stuðning við börn og ungmenni í gegnum frístundakort og stuðning velferðarsviðs og eldri borgara og öryrkja í gegnum ókeypis aðgang að sundlaugum og niðurgreiðslu á annarri hreyfingu.
- Rekstrarúttek á íþróttafélögum og fjárhagslegu umhverfi þeirra félaga sem njóta styrkja frá borginni.
- Yfirlit um fjárfestingu í núverandi íþóttamannvirkjum, völlum og aðstöðu sdb. kortlagningu mannvirkjanefndar ÍBR, þ.m.t. fasteignir, lönd og lóðir, sundlaugar, golfvelli, aðstöðu hestaíþróttarinnar, samgöngu- og útivistarstíga, íþróttahús við skóla og battavelli á skólalóðum.

Unnar verði tillögur að framtíðarsýn og aðgerðaráætlun út frá lykilmarkmiðum um að jafna aðstöðu til þátttöku, með áherslu á að jafna aðstöðumun, m.a. með tilliti til kyns og efnahagslegrar stöðu barna, unglinga og eldri borgara, mikilvægi hreyfingar fyrir alla aldurshópa og um öflugt íþróttastarf um alla borg. Í skilagrein verði meðal annars fjallað um mögulega hverfaskiptingu íþróttafélaganna, áætlun um uppbyggingu íþróttamannvirkja, stefnumótun borgarinnar og félaganna, rekstrarmál íþróttafélaga, þjónustu, aðgerðir til að stuðla að jafnað aðgengi óháð efnahag og kyni og starfsemi félaganna og rekstur

Íþróttamannvirkja borgarinnar. Einnig verði mörkuð stefna varðandi stuðning borgarinnar í gegnum frístundakort, stuðning við almenningsíþróttir, afreksíþróttir, sérsambönd, landslið og afnot þeirra af borgarmannvirkjum.

Hópin skipa:

Pawell Bartoszek MÍT, formaður
Katrín Atladóttir MÍT
Hjálmar Sveinsson MÍT
Ingvar Sverrisson ÍBR
Guðrún Ósk Jakobsdóttir ÍBR

Með hópnum starfi:

Ómar Einarsson ÍTR
Steinþór Einarsson ÍTR
Helga Björnsdóttir ÍTR
Frímann Ari Fendinandsson ÍBR.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili áfangaskýrsla fyrir 1. maí 2019 um lykilatriði, svo sem hverfaskiptingu, mannvirkjamál og rekstrarmál til borgarstjóra

Lokaskil 1. febrúar 2020.

Reykjavík, mars 2019

Dagur B. Eggertsson